

**Erindi: Harunskarð 2, fjölgun íbúða málsnr. 1702264.**

Með bréfi dags. 11.01.2018 óskar Bjarg íbúðarfélag eftir heimild til að fjölga íbúðum úr 42 í 54 í þremur húsum í stað sex á reit 7.




Hlutamynd úr gildandi deiliskipulagi.

Breytingar voru gerðar á skilmálum 1. áfanga Skarðshlíðar sumarið 2017. Í skilmálabreytingunum fólst eftirfarandi breyting á gr. 5.1:

***“Einkennandi fyrir skipulagið eru þriggja til fimm hæða fjöleignarhús á flatlendinu auk grunn- og leikskóla. Skipulagsuppráttur sýnir afstöðu bygginga til götu og lóða. Einnig afmörkun sameignar og séreignar ásamt stígum sem liggja í hverfinu og tengjast við opin svæði. Skipulags- og byggingarráði Hafnarfjarðar er heimilt að samþykkja frávik frá skilmálum þessum fyrir einstaka lóðir þegar um er að ræða húsnæði sem fellur undir markmið laga nr. 52/2016 um almennar íbúðir.”***

Á grunnvelli ofangreindrar skilmálabreytingar var fallist á að fjölga íbúðum úr 32 í 42 á lóð Bjargs íbúðafélags (reitur 7). Þessi skilmálabreyting náði til sex húsa á umræddum reit. Umfang mannvirkja hvað stærð og hæð

varðar yrði í samræmi við skilmála deiliskipulagsins. Markmið skilmálabreytingarinnar var að kom til móts við markmið laga 52/2016 um húsnæðisöryggi fjölskyldna og einstaklinga, með því að auka aðgengi að öruggu og viðeigandi leiguhúsnæði og stuðla að því að húsnæðiskostnaður sé í samræmi við greiðslugetu leigjenda eða að jafnaði ekki umfram fjórðung tekna.



Hlutamynd úr kynningu Bjargs íbúðarfélags.

Nú er eins og áður er getið óskað eftir fjölgun íbúða úr 42 í 54. Í heild gerir þetta 22. íbúða fjölgun frá upprunalegu deiliskipulagi. Jafnframt er óskað eftir því að lega húsa á lóð með aðkomum, bílastæðum o.s.frv. verði breytt og íbúðum verði komið fyrir í þremur s.k. svalgangshúsum. Hér er um umtalsverða breytingu frá gildandi deiliskipulagi að ræða.

Reitir fyrir fjölbýlishúsi í 1. áfangs Skarðshlíðar eru 7. Samþykkt byggingaráform liggja fyrir á þremur reitum. Engar skilmálabreytingar eða frávik frá skilmálum hafa verið samþykkt umfram það sem fram kemur hér að ofan. Í ljósi samþykktra byggingaráforma og með vísan til m.a. jafnræðis gagnvart skilmálum er ekki hægt að fallast á þá skilmála- og deiliskipulagsbreytingu sem felst í bréfi Bjargs íbúðarfélags frá 11.01.2018.

Pormóður Sveinsson skipulagsfulltrúi.